

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Reykjavík, 8. nóvember 2019
UST201901-277/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 15.08. 2019, hjá Matorku Fellsmúla

Þann 15. ágúst sl. fór fram eftirlit í Matorku Fellsmúla. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en fimm frávik komu fram er varða:


1. Gr. 2.4, 3.4 og 3.5 í starfsleyfi. Losun köfnunarefnis skal vera undir 20 kg N/framleitt tonn og losun fosfórs undir 7 kg P/framleitt tonn. Losun næringarefna skal vera metin og koma fram í ársyfirliti. Losun eldisins á fosfór í kg P/framleidd tonn var ekki skilað fyrir árið 2017. Losun eldisins á köfnunarefni í kg N/framleidd tonn var ekki ákvörðuð í ársyfirliti fyrir 2017 né 2018. **Mat á losun köfnunarefnis 2018 barst 9.10.19 og frávikinu telst því lokið.**
2. Gr. 2.7 og 3.3 í starfsleyfi. Mörk eru til staðar hvaða áhrif frárennsli má hafa á viðtaka t.d. hámarkshitastigsbreytingar, sýrustigs og svifagna. Ekki er fylgst með áhrifum meginfrárennsli á viðtaka heldur mælt við útrás yfirfalls í viðtaka. Mæla skal svifagnir og TOC (eða COD) annað hvert ár að vetri til. Mæla skal í frárennsli, fyrir og eftir hreinsun, og í viðtaka. Niðurstaða skal berast fyrir 1. apríl sama vetur.
3. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Til staðar skulu vera teikningar af frárennsli. Í ársyfirliti voru einungis til staðar afstöðumyndir af lögnum kerja í í húsi, en ekki lögnum að viðtaka. **Með uppfærðu ársyfirliti bárust teikningar af frárennsli. Frávikinu telst því lokið.**
4. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Ársyfirlit skal innihalda niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla starfsleyfis. Skv. rekstraraðila hafa einhverjar mælingar


verið gerðar við útrás yfirfalls í viðtaka. Niðurstöður þessara mælinga komu ekki fram í ársyfirliti né í þeim mánaðaskýrslum sem eftirlitsaðili hefur undir höndum.

5. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni frárennslis frá eldisstöðinni sem og lífríki Minnivallalækjar skv. áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Ekki er starfað í samræmi við samþykktu vöktunaráætlun þar sem vöktun sbr. gr. 2.7 í starfsleyfi, sem kveðið er á um í áætluninni, vantar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. nóvember, 2019.

Virðingarfyllt


Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur


Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Matorka ehf.	Dags. eftirlits: 15.8.19	Staðsetning stöðvar: Fellsmúla	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 2
Kennitala rekstraraðila: 500412-0540	Gildistími starfsleyfis: 4.12.30	Kvittun afhent: Já	Gerð stöðvar: Seiðaelði á landi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Árið 2018 var framleiðslan undir 50 tonnum og afföll um 100 kg. Lífmassi í lok árs var undir tonni. Þegar eftirlitið fór fram höfðu 3.8 tonn seiða verið flutt út það sem af var ári 2019 og líklegt að ársframleiðsla 2019 verði undir 10 tonnum.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Ekki hefur verið alinn lax í stöðinni í rúmt ár. Ekki er ákveðið hvort hann verður tekin inn aftur eða hvort haldið verður áfram einungis með regnboga og bleikju.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Góðar skráningar, skráð í Farm Control og mánaðarskýrslur.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Ársskýrslu 2018 var skilað til UST 23.4.19. Ársskýrsla uppfyllir skilyrði m.t.t. 3. kafla að mestu, en þó vantaði útreiknaða losun köfnunarefnis. Í uppfærði skýrslu sem barst 9.10.19 kom losun köfnunarefnis fram. Mynd af frárennislögnum frá eldi að viðtaka vantaði, einungis var afstöðumynd af lögnum í húsi. Uppfærð mynd barst 9.10.19.
		X		Einnig á skýrslan að innihalda niðurstöður allra mælinga sbr. 5. kafla. Skýrslan innihélt ekki allar þær niðurstöður sem kveðið er á um í vöktunaráætlun.
		X		Ársskýrslu 2017 var skilað 27.4.18. Líkt og skýrslan vegna 2018 uppfyllir hún ekki allar kröfur.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Grænu bókhaldi 2018 var skilað til UST 23.4.19. Grænu bókhaldi 2017 var skilað 27.4.18.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Er til staðar. Uppfærð áætlun v. mengunaróhappa barst 9.8.19.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Þarfnast minniháttar uppfærslu í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila.

Umhverfi	Já / í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Vinna eftir ASC staðli, þó að fyrirtækið hafi einungis ASC vottun á starfssemi annarra starfsstöðva en í Fells múla. Uppfærð umhverfismarkmið, sbr. ákvæði 4.1 í starfsleyfi bárust í ágúst 2019.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Sjálfvirkir fóðrarar. Eitthvað er þó um handfóðrun, sérstaklega fyrir smáseiðin.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X X			Fosfór og köfnunarefni voru mæld í frárennsli eftir setþró og skv. því er losun fosfórs um 0,1 mg P/L og 1 mg N/L. Ekki kemur fram í ársskýrslu hvenær sýni voru tekin. Sýni tekin 11.8 sl. sýna sömu losun fyrir köfnunarefni, 1 mg N/L en 0,2 mg P/L. Skv. útreikningum rekstraraðila frá mælingum 2018 var fosfórlosun ársins 5,8 kg P/tonn og

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				<p>köfnunarefnislosun 15 kg N/tonn. Ekki kemur þó fram við hvaða álag í stöðinni mælingarnar voru gerðar né heldur hvaða forsendur voru notaðar við útreikningana. Mörk leyfis eru 7 kg P/ tonn og 20 kg N/tonn.</p> <p>Ef mælingar eru notaðar til útreikninga á losun, þarf að athuga hvort sýnin séu tekin við lítið eða mikið álag í stöðinni, sem og nákvæmni mælinganna.</p>
<p>Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?</p>	X		X	<p>Ekki er um eiginlega útrás á frárennslis að ræða og því erfitt að sjá ástand, sbr. lýsingu hér á eftir.</p> <p>Allt leit vel út í brunni og við yfirfall.</p> <p>Ekki er hægt að meta ástand frárennslis við viðtaka þar sem meginútrás er ekki eiginleg.</p>
<p>Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.</p>	X			<p>Frárennslis frá eldishúsi fer út í setþró og þaðan í brunn sem er rétt suðvestan við húsið. Sýnatökuaðstaða er í brunni.</p> <p>Bæði mannvirki standa á bakka Minnivallalækjar og fer yfirfall brunns út í Minnivallalæk en annars fer frárennslis í gegnum hraunið eftir hreinsun og kemur út einhversstaðar sunnar í lækinn, í óeiginlegri útrás.</p>
<p>Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).</p>			X	<p>Viðtaki er ferskvatn, Minnivallalækur, yfirfall er um 20-50m frá kerjum en hreinsað frárennslis fer óþekkta leið út í lækinn aðeins sunnar.</p>
<p>Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.</p>			X	<p>Í starfsleyfi eru tiltekin mörk þeirra áhrifa sem frárennslis eldisins má hafa á viðtaka. Í vöktunaráætlun rekstraraðila eru einnig tilteknar mælingar á viðtaka sem ekki hafa verið gerðar.</p> <p>Ekki er hægt að meta áhrif meginfrárennslis á viðtaka þar sem meginútrás er ekki eiginleg.</p> <p>Sýni tekin til að skoða áhrif á viðtaka, sbr. gr. 2.7, eru tekin við útrás yfirfalls í lækinn en ekki við</p>

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

				meginútrás. Erfitt er að segja til um, út frá þeim mælingum, hver eiginleg áhrif á viðtaka eru þar rennsli í yfirfalli ætti að vera óverulegt miðað við meginfrárennsli.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Sorphirða er á vegum sveitafélagsins. Plast er tekið á 6 vikna fresti en afföll eru geymd í frysti og tekin á Strönd á tveggja vikna fresti.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Vöktunaráætlun er ekki fylgt og sýni hafa ekki verið tekin á réttum árstíma.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.	X			Mælingar á COD, svifögnum, heildar N og heildar P í frárennsli fylgdu ársyfirliti 2018 og mælingar vegna 2019 voru aðgengilegar í eftirliti og sendar eftirlitsaðila í kjölfarið.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.		X		Ekki öllum niðurstöðum sem kveðið er á um í starfsleyfi og vöktunaráætlun að skuli skilað hefur verið skilað.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Mælingar á COD, svifögnum, heildar N og heildar P í frárennsli eftir setþró og í við inntak vatns eru gerðar árlega, svo næst 2020. Rekstraraðili hefur tekið sýnin og Sýni ehf. mælt.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávik komu fram við eftirlit 2017 er vörðuðu að ársyfirliti fyrir 2016 hafði ekki verið skilað og umgengni við stöðina var ábótavant. Ársyfirlit 2016 og úrbótaáætlun v. frágangs og umgengni var send eftirlitsaðila með tölvupósti þann 15. nóv 2017. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

Samantekt:

Seiðastöð í Landssveit, sem hefur leyfi til eldis allt að 350 tonna bleikju-, laxa-, regnboga- og borrhaseiðum. Mjög lítið eldi er í stöðinni og hún ekki nálægt hámarks leyfilegu umfangi starfsleyfis.

Bleikjuseiði voru í stöðinni við eftirlitsheimsókn, tilbúin til flutnings til Grindavíkur. Seinustu laxaseiðin fóru 2018.

Regnbogasilungshrogn höfðu verið flutt inn til klaks og stendur til að framvegis ala regnboga í 20-40 g stærð til flutnings.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

	<p>Eftirlitsaðili óskar eftir því að í ársyfirliti sé skýrara hvert magn hve­rrar tegundar sé fyrir sig og að meðalvatnsnotkun stöðvarinnar komi fram. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að mæliniðurstöður eða vöktunarskýrsla séu í skjali aðskildu ársskýrslu, svo hægt sé að setja niðurstöðurnar á vefsíðu stofnunarinnar.</p> <p>Skráningar eru að mestu góðar, í Farm Control og á eyðublöð í mánaðaskýrslur. Ekki er unnið í samræmi við vöktunaráætlun.</p> <p>Tekið hefur verið til síðan frá síðasta eftirliti og umgengni er betri, en þó er bent á að ganga frá eða fjarlægja sem fyrst gamlan ónýtan, úr sér genginn búnað sem ekki verður notaður aftur.</p>
Annað:	<p>Athygli rekstraraðila er vakin á því að skoða hvort hægt sé að fá mælingu með meiri nákvæmni á heildarfosfór í frárennsli, þar sem það getur haft áhrif á skekkju útreiknaðrar losunar.</p> <p>Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Fellsmúla



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.8.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Fellsmúli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hlökkversdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram við eftirlitið, er varða losun köfnunarefnis, teikningar af frárennsli að viðtaka, mælingar á ástandi viðtaka, innihald ársyfirlits og að ekki er starfað í samræmi við vöktunaráætlun. Tvær ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Gr. 2.4, 3.4 og 3.5 í starfsleyfi	Losun köfnunarefnis skal vera undir 20 kg N/ framleitt tonn og losun fosfórs undir 7 kg P/framleitt tonn. Losun næringarefna skal vera metin og koma fram í ársyfirliti. Losun eldisins á fosfór í kg P/framleidd tonn var ekki skilað fyrir árið 2017. Losun eldisins á köfnunarefni í kg N/framleidd tonn var ekki ákvörðuð í ársyfirliti fyrir 2017 né 2018. Mat á losun köfnunarefnis 2018 barst 9.10.19 og frávikinu telst því lokið.
Gr. 2.7 og 3.3 í starfsleyfi	Mörk eru til staðar hvaða áhrif frárennsli má hafa á viðtaka t.d. hámarkshitastigsbreytingar, sýrustigs og svifagna. Ekki er fylgst með áhrifum meginfrárennslis á viðtaka heldur mælt við útrás yfirfalls í viðtaka. Mæla skal svifagnir og TOC (eða COD) annað hvert ár að vetri til. Mæla skal í frárennsli, fyrir og eftir hreinsun, og í viðtaka. Niðurstaða skal berast fyrir 1. apríl sama vetur.
Gr. 3.1 í starfsleyfi	Til staðar skulu vera teikningar af frárennsli. Í ársyfirliti voru einungis til staðar afstöðumyndir af lögnum kerja í í húsi, en ekki lögnum að viðtaka. Með uppfærðu ársyfirliti bárust teikningar af frárennsli. Frávikinu telst því lokið.
Gr. 3.5 í starfsleyfi	Ársyfirlit skal innihalda niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla starfsleyfis. Skv. rekstraraðila hafa einhverjar mælingar verið gerðar við útrás yfirfalls í viðtaka. Niðurstöður þessara mælinga komu ekki fram í ársyfirliti né í þeim mánaðaskýrslum sem eftirlitsaðili hefur undir höndum.
Gr. 5.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni frárennslis frá eldisstöðinni sem og lífríki Minnivallalækjar skv. áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Ekki er starfað í samræmi við samþykta vöktunaráætlun þar sem vöktun sbr. gr. 2.7 í starfsleyfi, sem kveðið er á um í áætluninni, vantar.

ÁBENDINGAR

Tekið hefur verið til síðan frá síðasta eftirliti og umgengni betri, en þó er bent á að ganga frá eða fjarlægja sem fyrst gamlan ónýtan, úr sér genginn búnað sem ekki verður notaður aftur.

Eftirlitsaðili óskar eftir því að í ársyfirliti sé skýrara hvert magn hvernar tegundar sé fyrir sig og að meðalvatnsnotkun stöðvarinnar komi fram. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að mæliniðurstöður eða vöktunarskýrsla berist einnig í skjali aðskildu ársskýrslu, svo hægt sé að setja niðurstöðurnar á vefsíðu stofnunarinnar.


ANNAD

Athygli rekstraraðila er vakin á því að skoða hvort hægt sé að fá mælingu með meiri nákvæmni á heildarförför í frárennsli, þar sem það getur haft áhrif á skekkju útreiknaðrar losunar.

Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.11.2019


Hulda Soffía Jónasdóttir

bls. 4